

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráði – Ábyrðin er okkar

## 41. Umdæmisþing Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar, haldið á Höfn Hornarfirði, 23-24. september 2011

### Þinggerð

#### Þingsetning í Hafnarkirkju:

Setning 41. Umdæmisþings Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar fór fram í Hafnarkirkju, föstudaginn 23. september kl: 20:00.

Stefán B. Jónsson formaður þingnefndar bauð alla velkomna og kynnti dagskrá kvöldsins.

Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri flutti stutt ávarp og setti formlega þingið .

Ávörp fluttu Hjalti Þór Vignisson bæjarstjóri, séra Baldur Kristjánsson, Jerome

Hennekens KI-EF forseti, Oscar Knight umdæmisráðgjafi KI og Paul Mannes

umdæmisstjóri Norden. Björn Ágúst Sigurjónsson formaður Styrktarsjóðs umdæmisins

afhendi Heilsugæslunni á Höfn heyrnarmæli. Nemendur úr Tónlistarskólnum á Höfn

spiluðu nokkur lög

Laust fyrir kl. 21:00 var fundi frestað til kl.09:00 laugardag.

#### Þingfundi framhaldið í íþróttahúsinu Höfn, Hornarfirði:

Þingi var framhaldið í íþróttahúsinu laugardaginn 24. september kl. 09:00.

Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri bauð alla velkomna og síðan var gengið til dagskrár.

#### Skýrslur umdæmisstjórnarmanna og umræður um þær

- Skýrsla umdæmisstjóra – Óskar Guðjónsson
- Skýrsla umdæmisritara – Hjördís Harðardóttir
- Skýrsla umdæmisféhirðis – Atli Heiðar Þórsson
- Skýrsla svæðisstjóra Ægissvæðis – Hildisif Björgvinsdóttir
- Skýrsla svæðisstjóra Sögusvæðis – Gísli Valtýsson
- Skýrsla svæðisstjóra Óðinssvæðis – Lára Einarsdóttir
- Skýrsla svæðisstjóra Grettissvæðis – Erlendur Örn Fjeldsted
- Skýrsla svæðisstjóra Eddusvæðis – Jón Jakob Jóhannesson
- Skýrsla svæðisstjóra Þórssvæðis – Ingólfur Friðgeirsson

*Sjá má skýrslur umdæmisstjórnarmanna í þingblaði*

Engar umræður voru um skýrslur umdæmisstjórnar

#### Fjárhagsáætlun 2011-2012:

Arnór L.Pálsson formaður fjárhagsnefndar fór yfir fjárhagsáætlun 2011-2012 og gaf síðan orðið laust. Enginn tók til máls.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráði – Ábyrðin er okkar

***Fjárhagsáætlun umdæmisins 2010-2011 var borin upp og var hún samþykkt samhljóða.***

Arnór fór einnig fyrir fjárhagsáætlun fyrir Kiwanisfréttir og gaf orðið svo laust. **Þyri Baldursdóttir ritstjóri Kiwanisfréttanna**, sagðist ekki skilja að Fjárhagsnefndin gerði alltaf ráð fyrir ákveðni upphæð fyrir auglýsingartekjur fyrir Kiwanisfréttir þar sem þessi liður stenst aldrei.

**Arnór** svaraði að þarna á móti komi lækkunin vegna prentkostnaðar svo þetta ætti að standast.

***Fjárhagsáætlun fyrir Kiwanisfréttir 2010-2011 var borin upp og var hún samþykkt samhljóða.***

Óskar tilkynnti þingheimi að Ástbjörn Egilsson hefði tekið af sér að vera formaður kjörbréfanefndar og Sæmundur H. Sæmundsson formaður kjörnefndar

**Ástbjörn Egilsson** kom því næst upp og sagði að búið væri að fara yfir kjörbréfin og mættir væru 92 fulltrúar af 108 fulltrúm, en 16 fulltrúa vantaði. Hann sagði frá því að það væru 11 manns á þinginu sjálfkjörnir með kosningarrétt, það væri umdæmisstjórn og fyrrverandi umdæmisstjórar. Alls 103 gild kjörbréf.

## Ársreikningar 2009-2010

**Atli Þórsson umdæmisféhirðir** lagði fram ársreikninga umdæmisins fyrir starfsárið 2009-2010. Atli sagði að kjörnir skoðunarmenn hefðu farið yfir reikningana og undirritað þá, þeir Guðmundur Pétursson og Gunnar Rafn Einarsson.

***Ársreikningar starfsársins 2009-2010 voru samþykktir samhljóða***

Óskar sagði frá því að Gunnar R. Einarson og Guðmunur Pétursson hefðu boðið sig aftur fram sem skoðunarmenn reikninga starfsársins 2010-2011.

***Skoðunarmenn ársreikninga 2010-2011 voru samþykktir samhljóða.***

## Matarhlé 10:45 – 12:45

**Óskar** sagði að á fundinum sem haldinn var á föstudeginu hefði verið samþykkt að senda Stefnumótunina 2011-2016 fyrir þing og var hún borin upp.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráði – Ábyrðin er okkar

## *Stefnumótun umdæmisins 2011-2016 var borin upp og samþykkt samhljóða.*

Óskar tilkynnti þingheimi að nú þurfi að velja tvo menn í fjárhagsnefnd þar sem Árni Jóhannsson og Axel Bender hefi báðir óskað eftir að hætta í nefndinni og kallaði hann eftir tilnefningum.

Ástbjörn Egilsson sagði að skv. umdæmislögunun í 15 kafla, 2. málsgrein skuli umdæmisþing skipa þriggja manna nefnd. Nú þarf að velja tvo nýja menn og lagði Ástbjörn fram tillögu um að Atli Þórsson Eldfelli verði kosin til 3 ára og Guðmundur Baldursson Ölveri verði kosin til 2 ára. Tillagan var undirrituð af Ástbírni Egilssyni, Dröfn Sveinsdóttur og Sæmundi H. Sæmundssyni.

## *Tillaga var borin upp og samþykkt samhljóða*

### **Staðfesting á umdæmisstjóra 2011-2012**

Ragnar Örn Pétursson var einn í framboði til umdæmisstjóra 2011-2012

## *Kjör Ragnars Arnar var staðfest með lófaklappi*

### **Kynning á frambjóðanda til kjörumdæmisstjóra 2011-2012**

Hjördís Harðardóttir úr Kiwanisklúbbnum Sólborg var ein í framboði.

## *Kjör Hjördísar var staðfest með lófaklappi*

Hjördís tók næst til máls og þakkaði fyrir traustið sem henni væri sýnt og sagði að hún væri farin að undirbúa sitt starfsár og kynnti sína stjórn.

Hörður Baldvinsson verður umdæmisritari  
Guðbjörg B. Pálsdóttir verður umdæmisféhirðir  
Tómas Sveinsson verður erlendur ritari

### **Staðfesting stjórnar 2010-2011**

Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri las upp og kallaði fram næstu stjórn

Umdæmisstjóri - Ragnar Örn Pétursson Keili  
Kjörumdæmisstjóri - Hjördís Harðardóttir Sólborg  
Fráfarandi umdæmisstjóri - Óskar Guðjónsson Eldey  
Umdæmisritari - Benóný A. Guðmundsson Keili  
Umdæmisféhirðir - Birgir Sveinsson Helgafelli  
Erlendur ritari - Emelía Dóra Guðbjartsdóttir Sólborg  
Svæðisstjóri Freyju - Snjólfur Fanndal Kötlu  
Svæðisstjóri Færeyja - Elin Joensen Rósan  
Svæðisstjóri Sögu - Ágúst Magnússon Búrfelli

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráði – Ábyrðin er okkar

Svæðisstjóri Óðins - Sigurjón Pálsson Kaldbakur  
Svæðisstjóri Ægis - Bergþór Ingibergsson Eldborg

*Stjórnin var staðfest með lófaklappi*

## **Tillaga vegna kjörumdæmisstjóra 2012-2013**

Ein tillaga barst vegna kjörumdæmisstjóra 2012-2013 en það er Dröfn Sveinsdóttir úr Kiwanisklúbbnum Sólborg. Hildisif Björgvinsdóttir úr Sólborg kynnti Dröfn og hvaða störfum hún hefur gengt í Kiwanishreyfingunni.

*Útnefningu Drafnar Sveindsdóttur var staðfest með lófaklappi*

## **Staðarval umdæmisþings 2014;**

Óskar sagði frá því að enginn klúbbur hefði óskað eftir að halda þingið árið 2014. Umdæmið mun því taka ákvörðun um staðarvalið.

## **Ávörp erlendra gesta:**

Jermone Hennekens Evrópuforseti, Paul Mannes umdæmisstjóri Norden og Óskar Knigt tóku til máls, ræddu Kiwanismál og þökkuðu góðar móttökur.

## **Kynnig á umdæmisþingi í Reykjanesbæ 2012**

**Björn B. Kristinsson kjörforseti Keilis** sagði að þingið yrði haldið í Reykjanesbæ 14-15 september 2012, sagði að vinnan væri hafin á undirbúningi. Í Reykjanesbæ er mjög góð aðstaða til að halda þing og væru næg gistirými. Sýndi að lokum myndband frá Reykjanesbæ.

## **Styrktarsjóður:**

Björn Ágúst formaður Styrktarsjóðs fór yfir skýrslu sjóðins  
*---sjá meðfylgjandi skýrslu formanns Styrktarsjóðs ---*

Björn Ágúst sagði frá því að skv. 5 grein Styrktarsjóðs varðandi stjórn eru þrír aðalmenn, formaður, ritari og féhirðir kosnir í tvö ár í senn og tveir varamenn eru kosnir í eitt ár. Kjörtímabili stjórnarmanna líkur núna á þessu þingi og þarf því að kjósa í stjórn og varastjórn.

Hann lagði síðan fram tillögu að nýrri stjórn en hafa skipa:

Björn Ágúst Sigurjónsson formaður, Elliða

Sæmundur Sæmundsson ritari, Elliða

Arnar Ingólfsson gjaldkeri, Keili

Sigurður Svavarsson varamaður, Höfða

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráði – Ábyrðin er okkar

Próstur Jónsson varamaður, Kötlu

Undir þessa tillögu skrifa Sigurður R. Pétursson, Jóhanna Einarsdóttir, Andrés Hjaltason og Ástbjörn Egilson.

## *Tillagan var samþykkt með lófaklappi*

Björn Ágúst sagði frá nýrri orðu, Zeller sem Styrktarsjóðurinn er að selja vegna nýja heimsverkefnisins. Þessi orða heitir eftir Walter Zeller fyrrverandi heimsforseta en hann var sá sem lagði grunninn af alheimssjóðnum. Hann sagði að sex orður hefðu selst fyrir þing og kynnti 5 einstaklinga sem orðurnar fá fyrir vel unnin störf og voru þær veittar á þinginu, en ein orðan verður afhent á galaballinu.

1. Grétar Örn Hannesson Elliða – veitt af Kiwanisklúbbnum Elliða
2. Sigurður R. Pétursson, Heklu - veitt af Styrktarsjóðnum
3. Ragnar Örn Pétursson, Keili – veitt af Kiwanisklúbbnum Keilir
4. Valur Einarsson, Eldey – veitt af Kiwanisklúbbnum Eldey
5. Björn Ágúst Sigurjónsson Elliða- veitt af eiginkonu hans, Önnu Jóhannesdóttur

Björn Ágúst lagði fram og fór yfir ársreikning Styrktarsjóðs

## *Reikningar Styrktarsjóðs voru samþykktir samhljóða*

## **Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar voru lagðar fyrir þingið

## **Landsverkefni - Hjálmauverkefnið / K-dagur**

**Hjálmanefnd** – Guðmundur Oddgeir Indriðason formaður lagði fram skýrslu nefndarinnar.

*---sjá meðfylgjandi skýrslu ---*

**K- dagur** – Gylfi Ingvarsson formaður lagði fram skýrslu nefndarinnar og sýndi auglýsinguna sem notuð var í sjónvarpi til að auglýsa K – daginn sem hann sagði að hefði vakið mikla athygli.

*---sjá meðfylgjandi skýrslu ---*

## **Umræður um landsverkefnið**

**Atli Þórsson umdæmisféhirðir** kom með athugasemd varðandi rekstraryfirlitið vegna K-dagsins og sagði að það vantaði 5.2 milljónir á yfirlitið sem greiddar voru vegna auglýsinga, þó svo að upphæðin hafði komið inn sem styrkur þá ætti hún að koma fram.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráði – Ábyrðin er okkar

**Torfhildur S. Þorgeirsdóttir í Emlu** tók næst til máls og sagði að hún hefði áhyggjur af því að við værum að missa Hjálma verkefnið út úr höndunum. Það vantar að Kiwanis sé meira áberandi en aftur á móti er Eimskip mjög sýnilegt. Hún sagði að þetta verðum við að passa því að hjálmarnir eru mjög góð auglýsing fyrir Kiwanis.

**Júlíus Ingvarsson, Ölver,** sagði að hann hefði heyrt að fólk velti fyrir sér litunum á hjálmunum. Ekki allir sáttir með að bleikt sé fyrir stelpur og blátt fyrir stráka.

**Guðjón Pétur Jónsson, Ós** sagði að hann hefði viljað að fyrirtæki og einstaklingar hefðu getað borgar beint inn á reikning klúbbana, því það hefði ekki verið nógu auðvelt að fylgjast með greiðslum þar sem þær fóru beint inn á reikning K-dagsnefndar fyrir sunnan.

**Gunnlaugur Kristjánsson, Eldey** tók næstur til máls og sagði að svo virðist sem K-dagsnefnin sé að fela kostnað við lykilinn upp á 5,2 milljónir. Þessar milljónir ættu að koma fram á reikningum nefndarinnar.

**Gunnar Rafn Einarsson, Eldborg** tók næstur til og sagði að hann hefði endurskoðað reikninga K-dagsnefndar en hefði ekki vitað um þessar milljónir sem greiddar voru fyrir auglýsingar. Að sjálfsögðu á þetta að koma fram.

**Stefán Lárus Pálsson, Þyrli** sagði að Byko á Akranesi hefði ekki getað skorðað K-lyklana þar sem þeim hefði vantað skurðvél. Hann sagði að best væri að hafa hjálmana í einum lit þar sem erfitt hefði verið að láta litina ganga upp og hefði hann þurft að fara til höfðuborgarinnar til að sækja réttan lit.

**Júlía B. Björnsdóttir, Emblu** stóð næst upp og spurði um bréf sem sent hefði verið út til allra barna sem áttu að fá hjálma. Í bréfinu hefði ekkert verið minnst á Kiwanis

**Guðmundur Oddgeir formaður Hjálmanefndar** sagði að bréfið sem hefði verið sent út hefði komið frá Óskabörnun Þjóðarninnar sem hefði stofnað Facebook síðu og væri á vegum Eimskips. Þeir hefðu verið með happadrætti þessu tengt og gefið þrjú reiðhjól.

**Matthías G. Pétursson fráfarandi umdæmisstjóri** tók næstur til máls og sagði að það væri frábært að heyra að safnast hefðu 22,5 milljónir og við ættum að klappa fyrir frábæru starfi. Við ættum að passa það að tala þetta ekki niður og ef það eru einhver vandamál þá ættum við að leysa þau og gera betur næst.

## Önnur Mál:

**Guðmundur Jóhannesson, Skjálfanda** tók fyrstur til máls og sagði að hann væri ekki sáttur við Fyrirmyndarviðmiðinn, Skjálfandi ætti t.d. enginn tök á að verða útnefndur Fyrirmyndarklúbbur. Hann kom með þá tillögu þessi viðmið yrðu endurskoðuð og fá ætti tvo fulltrúa úr hverju svæði til að fara yfir þau og setja ný sem allir geta sætt sig við.

**Haukur Sveinbjörnsson, Ós** kynnti nýtt styrktarnefndi sem Ósfélagar ætla að standa fyrir. Senda á öllum karlmönnum á fimmtugsaldri bréf og bjóða þeim á ráðstefu með þvagfæralækni þar sem fjallað verður um blöðruhálskirtilskrabbamein og mönnum kennt að þekkja einkenni þessa krabbameins.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráði – Ábyrðin er okkar

**Gunnlaugur Kristjánsson, Eldey** kom næstur upp og kynnti hugmynd sína um að Kiwanisfélagar leiki golf í kringum landið.

**Ingvar Snæbjörnsson í Eldborg** sagði þingheimi frá nýju styrkarverkefni Eldborgar en þeir hafa fengið leyfi fyrir að setja upp klukku með auglýsingum hjá Firði í Hafnarfirði.

**Dröfn Sveinsdóttir, Sólborg** tók til máls og þakkaði fyrir traustið sem henni væri sýnt Hún sagði frá sumarþúðunum sem ungliðaklúbburinn Blámi fór í og að nú væri uppi hugmyndir um að hafa svona ungliðabúðir á Íslandi. Búið er að skipa nefnd til þess að kanna hvort að við getum tekið þetta að okkur. Nefndin þarf gefa svar eigi síðar en 1. desember næstkomandi.

**Brynleifur H. Jónsson, Hof** kom með þá hugmynd að við mundum minnst látna Kiwanisfélaga á umdæmisþingi með því að láta nöfn þeirra sem látist hafa rúlla á skjá.

**Guðjón Pétur Jónsson í Ós**, gagnrýndi umdæmið fyrir að hafa ekki verið í sambandi við hann sem forseta Ós né stjórn í sambandi við undirbúning fyrir þingið.

**Gylfi Ingvarsson formaður K-dagsnefndar** sagði að það hefði ekki verið ætlun nefndarinnar að fela eitthvað og ætlar hann að leiðrétta skýrsluna og uppfylla alla kröfur. Gylfi sagði að klúbbunum hefði staðið til boða að fá posa frá K-dagsnefndinni sér að kostnaðalaus en hefðu mátt nota sína eigin.

**Matthías G. Pétursson fráfarandi umdæmisstjóri** tók næstur til máls og sagði að nú væri komið að leiðarlokum hjá sér, hann væri búin að starfa 7 ár með umdæmisstjórn. Hann hefði kynnt mörgun góðum Kiwanisfélögum um land allt eins og erlendis. Hann vonaði að okkur bæri gæfa til að halda áfram góðum samskiptum við Evrópu og Bandaríkin, við munum frekar græða af því en tapa. Að lokum óskaði hann nýrri stjórn góðs gengis.

**Gunnlaugur Gunnlaugsson, Básar** þakkaði Andrés formanni fræðslunefndar fyrir góða fræðslu og þakkaði Kiwanisklúbbnum Ós fyrir góðan mat.

**Ragnar Örn Pétursson kjörumdæmisstjóri** þakkaði fyrir skemmtilegt þing, óskaði Dröfn til hamingju með kjörið. Hann sagði það vera mikinn heiður að fyrir sig að Keilir hefði veitt honum Zeller orðuna.

Ragnar sagði að honum litist mjög vel á golfhugmyndir Gunnlaugs í Eldey og sagði að þetta gæti orðið gott fjáröflunarverkefni. Eins með Eldborg og Ós sem væru að fara af stað með frábær verkefni. Hann sagði að við værum núna með tvö flott verkefni, K-daginn og hjálmana. Það væri flott að fá Eimskip áfram sem styrktaraðila en verkefnið væri okkar. Varðandi fyrirmyndarviðmiðin þá þakkaði hann fyrir ábendinguna frá Skjálfanda og sagði að hann væri búin að breyta viðmiðunum aðeins. Hann sagði að hann hefði verið ánægður með þátttökuna í vinnuhópunum á föstudeginum. Heimsþingið verður næsta sumar í New Orleans í USA og verið væri að skipuleggja ferð þangað. Sýndi að lokum myndband frá New Orleans.

## Þingfundi frestað

Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri tók næstur í máls og þakkaði fyrir góðan fund og

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrðin er okkar

frestaði fundi um kl. 16:00 fram til kvölds.

## Lokahóf í íþróttahúsinu:

Fordrykkur hófst kl. 19:00 og var vel mætt af Kiwanisfélögum og mökum þeirra. Um kl. 20:00 bauð Óskar alla velkomna og sagði þingi vera framhaldið.

## Afhending viðurkenninga

**Kiwanisklúbburinn Sólborg** fékk bikar fyrir athyglisverðasta fjárölfunarverkefnið.

Sólborg gaf út dagatal fyrir árið 2011 þar sem þær sjálfar voru fyrirsætur.

**Kiwanisklúbburinn Helgafell** hlaut bikarinn fyrir athyglisverðasta styrktarverkefnið, klúbburinn gaf öllum börnum í Vestmannaeyjabæ sem á þurfa að halda sérstök íþróttageraugu.

**Kiwanisklúbburinn Embla** hlaut fjölgunarbikarinn en klúbburinn hefur aukið félagafjöldann sinn um 25% á starfsárinu.

**Kiwanisklúbburinn Skjálfandi** fékk fjölmiðlabikarinn en Skjálfandi hefur verið afar sýnilegir bæði á vef umdæmisins sem í sinni heimabyggð.

**Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri** veitti konu sinni Konný Hjaltadóttur Zeller orðuna.

## Fyrirmyndarklúbbar voru 10 á starfsárinu 2010 – 2011.

Embla, Sólborg, Thorshavn, Kaldbakur, Skjöldur, Eldborg, Eldey, Keilir, Þyrill, Helgafell,

**Fyrirmyndarsvæðisstjóri**, Hildisif Björgvinsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir að vera fyrirmyndarsvæðisstjóri en 50% af klúbbunum í hennar svæði, Ægissvæði náðu því aða vera fyrirmyndarklúbbar.

## Afhending gjafa :

Erlendum gestum, Jermone Hennekens, Oscar Knight, Paul Mannes ásamt mökum voru gefin gæruskinn áletruð af Kiwanisfélögum að gjöf frá umdæminu.

## Þakkir til þingnefndar.

Þingnefndin var kölluð upp ásamt mökum og vorum þeim þökkuð vel unnin störf og fengu nefndarmenn rós og eiginkonur fengu vínflösku.

## Kynning á umdæmisstjórn 2009-2010

Guðlaugur Kristjánsson Eldeyjarfélagi

kallaði upp stjórn 2010-2011 ásamt mökum og var stjórninni þökkuð vel unnin störf

## Kynning á umdæmisstjórn 2011-2012



# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræði – Ábyrðin er okkar

Næst kallaði Guðlaugur upp og kynnti verðandi stjórn 2011-2012 ásamt mökum.

## **Þakkir til umdæmisstjóra**

Ragnar Örn Pétursson kjörumdæmisstjóri, Hjördís Harðardóttir umdæmisritari og Atli Þórsson færðu Óskari Guðjónssyni umdæmisstjóra sérhannaða íþróttatreyju fyrir vel unnin störf sem umdæmisstjóri og fyrir frábært samstarf.

## **Þingslit**

Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri sleit þingi um kl.22:30 og við tók dansleikur fram á nótt

*Hjördís Harðardóttir*  
*Umdæmisritari 2010-2011*

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráði – Ábyrðin er okkar

*Kiwanis eru alheimssamtök sjálfboðaliða sem hafa að*



*markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna*